

L Ö G

70

24. nóv.

um breyting á lögum nr. 16/1953, um breyting á lögum nr. 105/1951, um breyting á lögum nr. 117/1950, um breyting á lögum nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á lögum nr. 9/1951, svo og lögum nr. 70/1952.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir orðunum „og 1. des. 1953“ í 3. mgr. 1. gr. laganna komi: og enn fremur 1. marz, 1. júní, 1. sept. og 1. des. 1954.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. nóvember 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

71

14. des.

um breyting á lögum nr. 44 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á milli 1. og 2. málsg. 7. gr. laganna komi ný málsg., svo hljóðandi:

Meðan upprekstrarfélög eða einstakar jarðir eru að einhverju leyti svipt aðgangi að beitolöndum sínum, skulu þeim heimil afnot annarra þeirra afréttarlanda, sem þau hafa til þessa haft afnot af, enda þótt lönd þessi liggi innan annars upprekstrar- eða sýslufélags, nema þau afnot komi í bága við nauðsynlegar sauðfjársjúkdómavarnir að dómi sauðfjársjúkdómanefndar. Afnot þessi skulu þó aðeins ná til svipaðrar fjártölu og upprekstrarfélög þessi eða ábúendur einstakra jarða ráku áður í landið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. desember 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

22